

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 56/2016

2017/EES/66/16

frá 18. mars 2016

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/5 frá 5. janúar 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar framkvæmd grunnkrafta um umhverfisvernd ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66p (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32016 R 0005:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/5 frá 5. janúar 2016 (Stjtíð. ESB L 3, 6.1.2016, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2016/5, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. mars 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 18. mars 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 3, 6.1.2016, bls. 3.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.